

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 372/1994.

Vilborg Soffía Karlsdóttir

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Ríkisútvarpinu

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Vinnusamningar. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1994 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 356.794 krónur, með tilgreindum dráttarvöxtum frá 1. júní 1991 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, til vara, að dráttarvextir verði ekki dæmdir fyrir en frá þingfestingardegi í héraði 2. nóvember 1993 og málskostnaður falli þá niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi kveður málinu áfrýjað í því skyni að fá hnekkt þeirri niðurstöðu héraðsdóms, að skýra beri 7. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof og 13. gr. reglugerðar nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins með þeim hætti, að vinnuveitandi barnshafandi konu þurfi að vita um þungunina, til þess að hún geti notið þeirrar verndar, sem felst í þessum ákvæðum. Áfrýjandi unir við þá niðurstöðu héraðsdómara, að ósannað sé í málinu, að forsvarsmenn stefnda hafi haft vitneskju um þungun hennar, þegar uppsögn var tilkynnt henni.

Fyrri málsgrein 7. gr. laga nr. 57/1987 hljóðar svo: „Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi, nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.“ Í síðari málsgrein er kveðið á um bótaskyldu atvinnurekanda, brjóti hann gegn ákvæðum hinnar fyrri. 13. gr. reglugerðar nr. 410/1989 er samhljóða fyrsta málslíð 1. mgr. lagagreinarinnar.

Lagaákvæði samhljóða 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 kom fyrst í

lög með 1. gr. laga nr. 97/1980 um fæðingarorlof og breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 og varð 9. mgr. 16. gr. síðast greindra laga. Í athugasemdum við frumvarp til laganna er ekki að finna skýringu á lagaákvæðinu. Hana er ekki heldur að finna í frumvarpi, er varð að lögum nr. 57/1987.

Almennt þarf atvinnurekandi ekki að greina ástæður fyrir uppsögn úr starfi. Með umræddu lagaákvæði var barnshafandi konum veitt sú réttarbót að vera verndaðar fyrir uppsögn úr starfi nema af gildum ástæðum. Eðlilegust skýring á lagaákvæði þessu, sem og á sér nokkra stoð í lögskýringargögnum, er, að ekki megi láta konu gjalda þess, að hún sé barnshafandi. Þungun konu má því ekki vera ástæða uppsagnar, heldur verða aðrar og gildar ástæður að koma til. Ef vinnuveitandi hefur ekki vitneskju um þungun konu, þegar henni er sagt upp starfi, getur þungunin ekki verið ástæða uppsagnarinnar. Reglan getur því ekki átt við, þegar um vitneskju vinnuveitandans er ekki að ræða. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. október 1993, af Vilborgu Soffíu Karlsdóttur, Miðbraut 16, Seltjarnarnesi, gegn Ríkisútvarpinu, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna ólögmatrar uppsagnar, að fjárhæð 356.794 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 af 83.713 kr. frá 1. júní 1991 til 1. júlí 1991, af 175.524 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1991, af 262.444 kr. frá þeim degi til 1. september 1991, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins, þ. á m. kostnaðar stefnanda af virðisaukaskatti. Enn fremur er gerð krafa um, að áfallna dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti skv. heimild í 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Verði ekki á sýknukröfuna fallist, er til vara krafist sýknu af dráttarvaxtakröfu stefnanda fram til þingfestingardags máls þessa eða dæmt, að hún beri dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags og að málskostnaður falli niður.

Málavextir.

Stefnandi réð sig til starfa hjá stefnda, Ríkisútvarpinu, tónlistardeild, með skriflegum ráðningarsamningi dags. 20. september 1990. Um tímabundna ráðningu var að ræða, og skyldi starf hefjast 1. september 1990, en ljúka 31. ágúst 1991. Í ráðningarsamningi segir, að ef ráðning er tímabundin, skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður, ef slíta skal ráðningu, áður en hún fellur úr gildi af sjálfu sér.

Hinn 21. janúar 1991 fékk stefnandi uppsagnarbréf frá stefnda, þar sem henni var sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. febrúar 1991. Skyldi uppsögnin því koma til framkvæmda um mánaðamót apríl/mái 1991. Engar ástæður fyrir uppsögn voru tilgreindar í uppsagnarbréfinu.

Stefnandi hafði orðið barnshafandi í nóvember 1990, og ól hún barn í ágúst 1991.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 10. apríl 1991, var uppsögninni mótmælt og skorað á stefnda að draga hana til baka. Uppsögninni var mótmælt á þeim forsendum, að óheimilt væri skv. 13. gr. reglugerðar um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins nr. 410/1989 og skv. 7. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof að segja barnshafandi konu upp starfi, nema gildar ástæður væru til. Auk þess hafi Soffía verið ráðin tímabundinni ráðningu til loka ágúst 1991. Hafi aldrei verið minnst á það við hana, að ráðningu mætti rjúfa með uppsagnarfresti, enda tíðkist slíkt ekki, þegar um tímabundna ráðningu vinnusamninga til skamms tíma sé að ræða.

Af hálfu stefnda var þessu mótmælt með bréfi, dags. 2. maí 1991, og því haldið fram, að yfirmönnum stefnda hefði ekki verið kunnugt um, að stefnandi væri barnshafandi.

Stefnandi telur hins vegar, að vissum yfirmönnum stofnunarinnar hafi verið kunnugt um, að hún væri barnshafandi, þegar henni var sagt upp. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hvorki í bréfinu frá 2. maí né síðar hafi verið gerð tilraun til þess að tilgreina gildar ástæður fyrir uppsögninni.

Af hálfu stefnda er að því víkið í greinargerð um málavexti, að skömmu eftir að stefnandi fékk uppsagnarbréf sitt, hafi hún rætt við starfsmanna-

stjóra stefnda á skrifstofu hans. Hafi stefnandi verið ósátt við uppsögnina og haft aðrar meiningar en yfirmenn stefnda um frammistöðu sína í starfi.

Stefnandi hafi starfað sem umsjónarmaður með morgunútvarpi og komið fram í beinni útsendingu. Mat yfirmanna Ríkisútvarpsins hafi verið, að stefnandi réði ekki við starf sitt, sem falist hafi í vali og kynningu tónlistaratriða, tímaskipulagningu og kynningu annarra dagskráratriða morgunútvarpsins á Rás 1 milli kl. 7 og 9 á morgnana.

Þegar stefnandi hafi lýst ósætti sínu vegna uppsagnarinnar, hafi hún ekki minnst einu orði á þungun sína. Hafi forsvarsmenn stefnda fyrst frétt af þungun stefnanda frá Gesti Jónssyni hrl., sem hringt hafi til starfsmanna-stjóra nokkuð á undan bréfi því, er hann ritaði 10. apríl 1991.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að skv. 7. gr. laga nr. 57/1987 og 13. gr. reglugerðar nr. 410/1989 um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins sé óheimilt að segja barnshafandi konu upp störfum án þess að tilgreina gildar ástæður.

— — —

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að þar sem forsvarsmönnum hans hafi verið ókunnugt um þungun stefnanda, þegar ráðningarrof voru ákvæðin, sé ljóst, að hvorki hafi þungunin verið ástæða uppsagnarinnar né aðstæður eða ástæður, sem tengdust eða vörðuðu þungun stefnanda.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fram er komið, er í máli þessu deilt um túlkun á 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 og hvort stefnandi í því tilviki, sem hér um ræðir, njóti réttarverndar skv. greininni.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1987 er óheimilt að segja barnshafandi konu upp starfi, nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Telja verður, að með ákvæði þessu sé verið að koma í veg fyrir, að konu verði sagt upp starfi af þeirri ástæðu, að hún er barnshafandi. Líta verður því svo á, að skilyrði fyrir því, að greininni verði beitt, sé, að vinnuveitanda konunnar sé kunnugt um þungun hennar.

Ágreiningur er um það í málinu, hvort forsvarsmönnum stefnda var kunnugt um þungun stefnanda eða ekki. Telst stefnandi bera sönnunarbyrðina fyrir því, að forsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um þungun hennar, enda var það á valdi stefnanda að veita yfirmönnum sínum upplýsingar þar að lútandi.

Stefnandi bar fyrir dómi, að hún hefði um júlaleytið 1990 skýrt Guðmundi Emilssyni, tónlistarstjóra Ríkisútvarpsins, frá þungun sinni. Með

hliðsjón af framburði Guðmundar hér fyrir dómi telst þessi fullyrðing stefnanda ósönnuð. Dóra Ingvadóttir, þáverandi starfsmannastjóri, bar fyrir dómi, að hún hefði ekki vitað um þungun stefnanda, þegar ákvörðun um uppsögn var tekin.

Þegar framburður þessara aðila er virtur svo og gögn málsins, telst stefnanda ekki hafa tekist að sýna fram á, að forsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um það, að hún var barnshafandi, þegar henni var sagt upp störfum. Verður 7. gr. laga nr. 57/1987 því ekki beitt um það tilvik, sem hér er til umfjöllunar, og ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vilborgar Soffíu Karlsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.
